

Emelía Sighvatsdóttir — Minning

ÞEGAR ég fyrir nokkrum dögum frétti lát frá Emelíu Sighvatsdóttur, vögnuðu gamlar minningar frá æskudögum. Ég man ekki fyrr eftir mér, en ég heyrði talað um Ágústu og Sighvat foreldra Emelíu, en þau voru æskuvinir foreldra minna og hélt sú vinátta meðan líf þeirra entist.

Í bernsku minni fannst mér jafn sjálfsgætt eins og farfuglarnir komu á vorin, að Emma Sighvats, en svo var hún kölluð, kæmi norður eða einhver systir hennar. Hvort tveggja var mikil tilhlökkunarefni.

Móðir hennar var Ágústa Sighvatsdóttir prests Jónssonar að Undirfellu í Vatnsdal. Voru þær mamma sveitungar og leikystur úr Vatnsdalnum. Faðir hennar var Sighvatur Bjarnason, bankastjóri við Íslandsbanka í Reykja-

vík. — Mér er minnstætt hve hugur móður minnar var oft hjá æskuvinkonu hennar fyrir sunnan fjöllin. Ef móðir mín kom upp fallegri voð var sjálfsgætt að senda Ágústu þjöttlu í kjól handa litlu systrunum fyrir sunnan, og sama var að segja, ef vandað þrjónles var á ferðinni, þá þurfti að senda það vinkonunni í Rvík. En þær voru líka góðar gjafirnar, sem bárust að sunnan fyrir jólin frá vinunum á Amtmannsstíg 2.

Ég var smástelpa á Möðruvöll um þegar Emelía kom fyrst norður í sumarvöl. Mér fannst hún ósköp falleg ung stúlka og svo rak ég fljótt augun í það, að hún var betur klædd en ungu stúlkurnar í sveitinni, það var annarlegur blær sem fylgdi henni. Þegar messufólkið kom til kirkju á sunnudögum, varð því starsýnt á ungu stúlkuna úr höfuðstaðnum og þótti mikil til hennar koma. Það var ekki um að villast að hún varð fljótt vinsæl á heimilinu, einkum var mjög kært með henni og mömmu. Henni var saknað, þegar hún hvarf suður um haust íð. En svo kom aftur vor, og þannig liðu árin. —

Og svo man ég vel, er ég í fyrsta skipti fékk að fara „suður“ með foreldrum mínum; ég var þá 10 ára. Ágústa og Sighvatur stóðu í fjörinni þegar báturinn renndi að landi og fögnuðu þau vinum sínum að norðan. Það var stórfenglegt að koma til höfuðstaðarins fyrir sveitabarn að norðan. Bærinn var þá allur í óða önn að undirbúa komu kóngsins, slíka viðhöfn hafði mig ekki dreynt um. — Kynntist ég þá fyrst heimilinu á Amtmannsstíg 2. Stórt og fallegt hús blasti við þegar þangað kom, var heimilið fjölmennt og skemmtilegt. Börnin 7 voru þá öll heima, allt lék í lyndi og ég hreifst af glaðvæðinni og gestrisninni hjá þessu ágæta vinafóki.

Húsbændurnir á Amtmannsstíg 2 voru mestu merkismann-



eskjur, drengskaparfólk, sem vildi ekki vamm sitt vita. — Ég tók fljótt eftir því að húsbóndinn var störfum hlaðinn frá morgni til kvölds, þó gaf hann sér tíma til að sinna heimilinu sínu og öllum gestunum, því gestkvæmt var hjá þeim hjónum. Húsfreyjan var mjög frændmörg, faðir hennar var einn Reykjahlíðarbræðra, sem Reykja hlíðarætt er kennd við. En móðir hennar var af Blöndalsætt úr Vatnsdal, er sú ætt einnig mjög fjölmenn. Það sem mér fannst þó einna merkilegast í fari húsbóndans þessa daga var það, hve góður hann var móður sinni,

blindu konunni, sem sat á stokki sínum og fái höfðu tíma til að sinna nema smástund. Enginn dagur leið svo, að hann sæti ekki stundarkorn hjá henni og læsi blöðin, svo hún gæti fylgst með því sem var að gerast í bænum. Þá var ekki útvarp til að flytja fréttirnar.

Húsfreyjan var stjórnsöm rausnarkona sem veitti á báða bóga öllum er að garði bar. Hún hafði mörgu að sinna og í mörg horn að líta, því engu mátti gleyma á því heimili. — Vinátta hennar og trölltryggð verður mér ávallt minnstætt. Húsfreyjunni til aðstoðar á heimilinu var blessunin hún Ranka, sem okkur krökkunum þótti svo vænt um. Ranka var eins og bjargið sem aldrei bifast hvað sem á dynur. Til hennar leitaði ég oft er vanda bar að höndum í solli borgarinnar. Og þá man ég eftir Laugu gömlu sem bar allt vatnið í húsið. Hún var öðru vísi en allt annað fólk, sem ég hafði séð, hreinasta ráðgáta. Mig langaði oft til að spyrja hana spjörunum úr, en Lauga var eins og lokuð bók. Hvað sem því leið skorti aldrei vatnið hjá Laugu gömlu. —

Í þessu umhverfi ólst Emelía upp og bar svipmót þess. Hún var vinföst og trygglynd merkiskona, dagfarsprúð og vildi hvers manns vanda leysa hún

og foreldrar hennar. Í æsku naut hún góðrar menntunar, fór utan og vann að skrifstofustörfum hjá „Nye Danske“ í Kaupmannahöfn. Hafði faðir hennar umboð fyrir það félag í mörg ár. Þótti Emelía mjög fær við öll skrifstofustörf, var það fremur fátítt í þá daga að ungar stúlkur fengjust við slík störf. En Emelía fórust skrifstofustörfin vel úr hendi. Var hún styrkstoð föður síns eftir að hún kom frá Höfn og voru þau feðgin mjög samrýnd, eftir því sem ég bezt veit.

Árið 1913 giftist Emelía Jóni Kristjánssyni lækni. Var sambúð þeirra mjög ástúðleg, enda Jón mesta ljúfmenni, og gott var að koma til þeirra eins og á Amtmannsstíginn. En Jón varð ekki langlífur, hann dó 1937, hálfsextugur að aldri.

Fimm börn þeirra kveðja nú móður sína, 4 synir og ein dóttir. — Og nú er allt blessað fólk, sem ég hitti á Amtmannsstíg 2 fyrir 60 árum, horfið sjónum nema Ásta, póstmestarafur á Akranesi. En minningin lifir um góða vini. —

Með þessum línunum vil ég votta settingjum Emelíu samúð mína. Og er ég kveð hana þakk-lát í huga fyrir ljúfar minningar, bið ég hana að bera kveðjur til allra hinna sem farnir eru, með þökk fyrir mig og mína.

H. Á. S.



Móðir okkar

Tryggvina S. Sigurðardóttir

andaðist að Hrafnistu 21. nóv. Jarðarförin auglýst síðar.

Börn hinnar látnu.



Eiginmaður minn og faðir okkar

Jón Kristinn Sveinsson
Urðarstíg 8, Hafnarfirði,
andaðist 23. þ. m.

Herdis Jóhannsdóttir
og börn.



Móðir okkar

Halldóra Sigríður
Ingimundardóttir
húsfreyja að Enni
við Blönduós,
lézt á Héraðshælinu Blöndu-
ósi 23. þ.m.

Börnin.



Eiginmaður minn og faðir okkar

Björn E. Arnason
lögiltur endurskoðandi,
Tjarnargötu 46,
lézt í Landspítalanum fimmtu
daginn 23. nóvember.

Margrét Asgeirsdóttir,
Aðalbjörg Björnisdóttir,
Arni Björnsson.



Innilegar þakkir flytjum við öllum þeim, sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður okkar, tengdabörn og afa, Benedikts H. Lindal, Efra-Núpi Miðfirði, Ingibjörg Guðmundsdóttir, bön, tengdabörn og barnabörn.



Hjartans þakkir til allra fjær og nær sem sýndu okkur samúð og vinátta við andlát og jarðarför konunnar minnar, móður og tengdamóður

Sigríður Þórðardóttir

Ingimundur Jónsson,
Kristín Ingimundardóttir,
Þorsteinn Jóhannsson,
Ingibjörg Ingimundardóttir,
Jakob Indriðason,
Ingunn I. Risner,
W. W. Risner.



Innilegt þakkilæti fyrir auðsýnda samúð og vinátta við andlát og útför

Mattíu Þórðardóttur
Kristiansen

Klara Kristiansen,
Gústaf Kristiansen,
Bergþóra Pálsdóttir,
Selma Kristiansen,
Jón Jóhannsson,
Baldur Kristiansen,
Steinunn G. Kristiansen,
Trúmann Kristiansen,
Birna Frimannsdóttir,
og barnabörn.

Þorfinnur Jónsson Raufarhöfn - Minning

F. 9. ágúst 1885 - D. 23. okt. 1967
Það orkar ekki tvímælis, að með Þorfinni Jónssyni fyrrum útgerðarmanni og formanni á Raufarhöfn er horfinn mjög sterkur persónuleiki.

Frá fyrstu kynnum og til hinna síðustu hélt hann óskertum þeim einkennum, sem gerðu hann öllum hugþekkan og vinsælan. Drengskapur og góðvild, glaðværi og hlýja fylgdu honum frá vöggju til grafar segja þeir sem lengst og bezt muna hann. Frjálsmannlegt fas, en án yfirletis, gerði hann strax hugstæðan þeim sem einhver samskipti áttu við hann og frekari kynni urðu öll þannig að hann var vinsældir allra þeirra, er virða góða kosti. Hann var fremur hár vexti, beinn og karlmannlegur, og samsvörun fágæt. Andlitíð var gerðarlegt augu blá og allt yfirbragð greindarlegt.

Í svip öllum örloði á brosi, útverði glaðvæðar og góðra hugrenninga, og bjóst hvort tveggja til varnar gegn vili og aumingjaskap, hvenær sem á þurfti að halda. Hann var mikill og góður spilamaður og var mjög eftirsóttur félagi á þeim vettvangi, sökum glaðvæðar og skemmtilegra viðbragða þegar við átti. Alls staðar var hann hógværi gleðimaður sem engum gleymdist.

Á stundum alvöru og sorgarvar hann skilningsríkur og sterkur, og til annarra miðlaði hann styrk og hlýju, undir sömu kringumstæðum.

Hann var mjög ákveðinn og heill í skoðun, og eindreginn fylgismaður sjálfstæðisstefnunnar, alla tíð. Hann var mjög farsell í starfi og öllum samskiptum við viðfangsefni lífsins frá því fyrsta til hins síðasta.

Þorfinnur var fæddur að Hvammi í Fáskrúðsfirði 9. ágúst 1885. Móður sína missti hann tveggja ára gamall. Í æsku mun hann hafa verið hjá skyldmönnum og undir handleiðslu föður síns. En um aldamót eða um fermingaraldur Þorfinns, flytjast þeir feðgar norður í Þingeyjarsýslu.

Mun faðir hans hafa ráðizt að Blíkalóni á Melrakkasléttu, en Þorfinnur ræðst, hinn fyrsta velur hér norðurfrá, sem vetrarmaður til prestsins á Svalbarði á Þistilfirði. Eftir það yfirgefur hann ekki þetta hérað meðan starfsdagur entist. Að öðru leyti en því, að eitt eða tvö ár, mun hann hafa dvalist í Noregi. En eitthvað dró



hann aftur til Íslands og einkum til þessa norðlega héraðs. Hér vinnur hann svo sitt lífsstarf, hér átti hann sína hamingju.

Í mörg ár var hann sjá sr. Halldóri Bjarnarsyni í Prestshólum, og frá Guðrúnu systur hans á Sigurðarstöðum á Sléttu. En hún fluttist til sr. Halldórs bróður síns með þrjár ungar dætur, eftir sviplegt fráfall manns síns, sr. Lárusar prests á Sauðanesi. Hvor ugt heimilanna, Presthólar eða Sigurðarstaðir, virðast mega án hans vera, og ævarandi tryggð og vinátta þess fólks, átti Þorfinnur síðan. Yngri dóttir hans ber nöfn þeirra systra, dætra frá Guðrúnu og sr. Lárusar.

Sjómennska var Þorfinni í blóðborin, og stundar hann þann atvinnuveg að miklu leyti, eftir að hann fluttist til Raufarhafnar.

Var hann formaður á vélbátum, meðeigandi í útgerð og síðar eigandi vb. Fálkans á Raufarhöfn og gerði hann út í mörg ár. Á árunum 1920 til 1925 kynntist Þorfinnur eftirlifandi konu sinni, Sumarlín Gestsdóttur frá Garði í Þistilfirði, hinn mestu myndar- og dugnaðarkonu svo af bar. Var hún nokkru yngri en maður hennar fædd 1901.

Voru þau hjón jafnan samhent í fremur harðri lífsabráttu, við lítil efni á erfiðum árum.

Þau hjón eignuðust 5 börn, og eru fjögur þeirra á lífi og eru þau: Björn Ólafur skipstjóri, Rósbjörg, Bergljót og Eggert stýrimaður. Er þau öll búsett í Reykjavík. Sonur þeirra, Pétur, sem einnig var orðinn stýrimaður, fórst með ms. Stuðlabergi í febrúar 1962.

Pétur var eins og öll systkinin, myndarlegur og glæsilegur maður, og var þungur harmur kveð-

inn að hinum öldruðu hjónum við fráfall hans og Pétur varð harmdauði öllum er til þekktu.

Árið 1926 reist Þorfinnur húsið Bárú á Raufarhöfn, og hafa þau hjón átt þar heima síðan, og þar heima lauk hinn aldri heiðursmaður sinni lífsgöngu. Útför hans var gerð frá Raufarhafnar-kirkju að viðstöddu fjölmenni.

Nokkur síðustu ár voru þau hjónin í Reykjavík á veturnum hjá börnum sínum. En komu norður á sumrum. Aðeins eitt til tvö síðustu árin starfaði Þorfinnur lítið, en ekki er langt síðan hann stóð með ungunum mönnum við að fletja fisk, og mátti ekki á milli sjá hvorum betur veittist og mun hann eitthvað hafa að þessu gert um það bil hálf áttræður eða meir.

Margir sakna nú vinar úr stað. Því að viðmótið var hressilegt, glaðlegt og þrungióð þannlegri hlýju, fram að síðasta slagi hjartans.

Ég, sem þessi kveðjuorð skrifa og settingjar mínir, ásamt fjölmörgum, er ég til veit, senda Sumarlín og börnum hennar, hugheilar kveðjur, með yl frá ótal góðum minningum.

Snaebjörn Einarsson.

— MAO

Framhald af bls. 19.
Tímaritið bætir við, að leiðtoga Kína leyfi sér ábyrgðarlausu spákaupmennsku, sem kynni að kosta hundruð milljóna manna lífið og leggi kapp á að framfylgja þeirri stefnu, í stað þess að bæta menntun og siðmenningu í landinu. Með þessari hættulegu stefnu sinni hafi Kínverjar öðlazzt allgóða aðstöðu til að reka harðvítuga kjarnorkupólitik.

Í niðurlagi margnefndrar grein ar bætur höfundur við, að haldi Kínverjar þessari stefnu til streitu, eigi á hættu að glata þeim landvinningum, sem þeir fengu í byltingunni og sömuleiðis kunnir þetta að leiða til endaloka lýðræðislegra stjórnarháttanna alþýðulýðveldisins og verða kommúnistaflokknum rothögg.

Þakkir færi ég vinum mínum, sem glöddu mig á ýmsan hátt á fimmtugsafmæli mínu 18. nóvember s.l.

Í einni vísu aðeins tel,
— yl í lófataki,
gleður hugnæmt hjartabel.
Með hálfu öld að baki.

Lífið öll heill!

STEFAN RAFN.